



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 37. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 6. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 8. JÚNÍ 2017

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2017, þann 8. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, fundargerð 135. fundar skipulagsnefnar frá 8. júní. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Ísland ljóstengt: Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi.
2. Samþykkt um gatnagerðargjöld í Hrunamannahreppi.
3. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
4. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um landgræðslu.
5. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skóga og skógrækt.
6. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulag haf- og og strandsvæða.
7. Brunavarnir Árnassýslu: Bókun vegna lántöku.
8. Fasteignamat 2018.
9. Héraðsskjalasafn Árneseinga: Umsögn um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna.
10. Næsti fundur sveitarstjórnar.
11. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

12. Vinnuhópur vegna bókuar 1 í kjarasamningi kennara: Fundargerð vinnuhópsins frá 29. nóvember sl.
13. Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 23. maí s.l.
14. Skólanefnd: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 23. maí s.l.
15. Skólanefnd: Fundargerð 16. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 23. maí s.l.
16. Skólanefnd: Fundargerð 16. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 7. júní s.l. -liggur frammi á fundinum-

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

17. Fundargerð 133. fundar skipulagsnefndar frá 11. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. apríl og 26. apríl s.l.  
Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingafrulltrúa.  
Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingafrulltrúa.
18. Fundargerð 134. fundar skipulagsnefndar frá 23. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. maí s.l.  
Mál nr. 15: Smiðjustígur 6. Umsókn um byggingarleyfi.  
Mál nr. 16: Unnarholtskot 1. Breyting á afmörkun og stærð lóðar.  
Mál nr. 17: Unnarholtskot 1. Stækkun lóðar.  
Mál nr. 18: Hrunamannavegur 1,3 og 5. Deiliskipulagsbreyting.  
Mál nr. 19: Jaðar 1. Deiliskipulag frístundalóðar.  
Mál nr. 20: Afgreiðslur byggingafrulltrúa.
19. UTU bs.: Fundargerð 44. fundar stjórnar.
20. NOS: Fundargerð frá 15. maí s.l.

21. Skólapjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 21. fundar frá 17. maí s.l.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. SASS: Fundargerð 519. fundar stjórnar frá 5. maí s.l.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 157. fundar stjórnar frá 10. júní s.l.
- c. Héraðsnefnd Árnesinga bs: Fundargerð vorfundar frá 4. maí s.l.

**Kynningarmál:**

- d. Samgönguáætlun Suðurlands 2017.
- e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 850. fundar stjórnar frá 19. maí s.l.
- f. Orlof Húsmæðra: Skýrsla nefndarinnar.
- g. Forsætisráðuneytið: Endurskoðun reikninga um þjólendur og ákvörðun marka eignarlanda.
- h. Hitaveita Grafarhverfis: Aðalfundargerð frá 22. maí s.l.
- i. Landskerfi bókasafna: Fundargerð aðalfundar frá 24. maí s.l.
- j. HES: Árskýrsla 2016.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- k. Límtré Vírnet ehf: Ársreikningur 2016.

**Gengið til dagskrár:**

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**1. Ísland ljóstengt: Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi.**

Oddviti kynnti stöðu mála. Á fundinn mættu Guðmundur Daníelsson verkefnisstjóri og Jón Páll Hilmarsson, lögfræðingur sem fóru yfir þá vinnu sem farið hefur fram vegna verkefnisins.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps er meðvituð um þá miklu þörf sem er á því í nútíma samfélagi að hafa aðgang að háhraða nettengingu. Slík eftirspurn eykst stöðugt og telst nú þegar nauðsyn í daglegu lífi einstaklinga og í daglegum rekstri fyrirtækja. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps telur að skortur á háhraða nettengingu í sveitarfélaginu hafi neikvæð áhrif á framþróun samfélagsins.

Engin fjarskiptafélög hafa sýnt því áhuga að koma að uppbyggingu ljósleiðarakerfis í sveitarfélaginu, þrátt fyrir að sveitarstjórn Hrunamannahrepps hafi birt auglýsingu þar sem leitað var eftir aðilum sem hefðu áhuga á því að koma að uppbyggingu ljósleiðarakerfis. Jafnvel þó að fjarskiptafélög hafi ekki sýnt því áhuga á að koma að uppbyggingu á ljósleiðarakerfi í sveitarfélaginu, þá er eftirspurnin eftir slíkri nettengingu engu minni en á svæðum þar sem íbúafjöldi er hærri.

Þar sem sveitarstjórn Hrunamannahrepps telur núverandi ástand á nettengingum í sveitarfélaginu óásættanlega hefur hún tekið ákvörðun um að ráðast í það verkefni að tengja öll heimili, fyrirtæki og sumarhús í sveitarfélaginu, sem svo kjósa, við ljósleiðaranet.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps telur aðgang íbúa sveitarfélagsins að háhraða nettengingu vera þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu.

Vegna þessa samþykkir sveitarstjórn Hrunamannahrepps, með vísan til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2011 um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (2012/21/ESB), sem tekin var upp í EES-samninginn og aðlöguð að honum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2012 frá 30. mars 2012, eftirfarandi vegna fyrirhugaðrar lagningar ljósleiðara í sveitarfélaginu:

Fyrirtækið sem sveitarstjórn felur að annast lagningu ljósleiðara í Hrunamannahreppi mun heita Hrunaljós verður rekið sem deild innan sveitarfélagsins og því alfarið á ábyrgð sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal hafa yfirumsjón með Hrunaljósi.

Bókhaldi Hrunaljóss skal halda aðskildu frá bókhaldi sveitarfélagsins með skýrum hætti. Sveitarstjórn skal fylgjast með rekstri, bókhaldi og fjárhagsstöðu verkefnisins. Í samræmi við góðar reikningsskilavenjur skal fara fram árleg endurskoðun á bókhaldi verkefnisins.

Ljósleiðarakerfið verður alfarið í eigu sveitarfélagsins.

Inntak hinna opinberu þjónustu sem Hrunaljósi er ætlað að framkvæma er að tengja öll heimili, fyrirtæki og sumarhús í sveitarfélaginu, sem svo kjósa og eru innan þess svæðis sem verkefnið tekur til, við ljósleiðaranet (FTTH, e. Fiber To The Home) og mun gera íbúum sveitarfélagsins mögulegt að hafa aðgang að háhraða ljósleiðaratengingu a.m.k. næstu 25 árin. Það svæði sem verkefnið tekur til skal vera afmarkað við sveitarfélagið Hrunamannahrepp, að undanskildu því svæði á Flúðum þar sem aðgangur er að ljósneti. Nánari skýring á afmörkun svæðisins er í greinargerð Guðmundar Daníelssonar verkefnisstjóra og sveitarstjórn hefur kynnt sér.

Engin sérstök réttindi eða einkaréttindi verða veitt vegna verkefnisins.

Hrunaljós verður fjármagnað af sveitarfélaginu, þeim tekjum sem af þjónustunni hljóttast og með styrk frá íslenska ríkinu. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur kynnt sér og samþykkir frumhönnun og kostnaðarmat verkefnisins, unnið af Guðmundi Daníelssyni. Þar er lýst fyrirkomulagi á fjármögnun verkefnisins, kostnaðaráætlun, forendum fyrir útreikningum og hvernig eftirliti með greiðslum verður háttað og endurskoðun á greiðslum vegna verkefnisins.

2. **Samþykkt um gatnagerðargjöld í Hrunamannahreppi.**  
Oddviti fór yfir samþykkt um gatnagerðargjöld í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að lækka lágmarksgjöld gatnagerðargjalda í þeim tilgangi að auðvelda byggingu húsnæðis á Flúðum. Málinu vísað til annarar umræðu á næsta sveitarstjórnarfundi.
3. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríksins.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríksins.
4. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um um frumvarp til laga um landgræðslu.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um landgræðslu.
5. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skóga og skógrækt.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um skóga og skógrækt.
6. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulag haf- og og strandsvæða.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða. Sveitarstjórn vísar málinu til skipulagsnefndar.
7. **Brunavarnir Árnæssýslu: Bókun vegna lántöku.**  
Oddviti kynnti beiðni BÁ um lántöku vegna kaupa á slökkvibifreið. Hrunamannahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnæssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 44.000.000 kr. til 7 ára, í samræmi við skilmála láns til ársins 2024 með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma er lánð er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í

Brunavörnum Árnassýslu. Hrunamannahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýrri slökkvibifreið sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Hrunamannahreppur skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnassýslu til að breyta ekki ákvæði samþykktu Brunavarna Árnassýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hrunamannahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnassýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, kt. 060568-4809 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.

8. **Fasteignamat 2018.**

Oddviti kynnti breytingar sem hafa orðið á fasteignamati milli áráanna 2017 og 2018. Fram kom að fasteignamat á húsnæði hefur hækkað um 15,1% og landverð um 16,7% milli ára.

9. **Héraðsskjalasafn Árneseinga: Umsögn um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna.**

Oddviti kynnti umsögn um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna og umsögn héraðsskjalavarðar. Sveitarstjórn tekur undir umsögn héraðsskjalavarðar.

10. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði mánudaginn 3. júlí nk. kl. 8:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

11. **Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.**

Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofur Hrunamannahrepps verði lokaðar í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 10. júlí til og með 28. júlí nk.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

12. **Vinnuhópur vegna bókuar 1 í kjarasamningi kennara: Fundargerð vinnuhópsins frá 17. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð vinnuhóps vegna kjarasamnings kennara frá 17. maí. s.l.

13. **Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 23. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar skólanefndar vegna æskulýðsmála. Farið var yfir skýrslu forstöðumanns og kynntur var rekstur félagsmiðstöðvarinnar á liðnum vetri. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þakkar Else fyrir gott starf í vetur.

14. **Skólanefnd: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 23. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, farið yfir helstu rekstrartölur skólans, símenntunaráætlun kynnt, farið yfir niðurstöður samræmdra prófa og beiðni starfsmanns um lækun starfshlutfalls. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

15. **Skólanefnd: Fundargerð 16. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 23. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra, farið yfir rekstur skólans og skóladagatal 2017-2018 kynnt. Þá var farið yfir beiðni um lengingu á opnunartíma leikskólans, niðurstöður foreldrakönnunar og undarpágur vegna vistunar 12 mánaða barns. Varðandi beiðni um lengingu á opnunartíma leikskólans er ekki unnt að fallast á það að svo stöddu m.a. vegna starfsmannamála. Sveitarstjórn samþykkir að skoða málið nánar við gerð næstu fjárhagsáætlunar og samþykkir að öðru leyti fundargerðina.

16. **Skólanefnd: Fundargerð 16. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 7. júní s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir umbótaáætlun og drög að skýrslu sveitarfélagsins vegna bókuar 1 í kjarasamningi FG og SNS. Sveitarstjórn samþykkir umbótaáætlunina og skýrsluna. Ljóst er að innleiðing á nýrri námsskrá og námsmati hefur valdið miklu

álagi á stjórnendur og kennara Flúðaskóla. Í samræmi við umbótaáætlunina samþykkir því sveitarstjórn að greiða stjórnendum og kennurum í Flúðaskóla eingreiðslu að fjárhæð kr. 50.000 miðað við fullt starf en greiðslurnar rúmast innan núverandi fjárhagsáætlunar Flúðaskóla. Kolbrún víkur sæti með meðferð og afgreiðslu málsins.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

**17. Fundargerð 133. fundar skipulagsnefndar frá 11. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. apríl og 26. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 133.fundar skipulagsnefndar frá 11. maí og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. og 26. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. apríl.

**Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 26. apríl.

**18. Fundargerð 134. fundar skipulagsnefndar frá 23. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 134.fundar skipulagsnefndar frá 23. maí og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. maí. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 15: Smiðjustígur 6. Umsókn um byggingarleyfi.**

Lögð fram umsókn um viðbyggingu á núverandi iðnaðarhúsnæði að Smiðjustíg 6 á Flúðum en samkvæmt afstöðumynd fer viðbyggingin lítilega út fyrir byggingarreit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að um sé að ræða óverulegt frávik frá deiliskipulagi og að hagsmunir nágretta skerðist ekki hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn og samþykkir umsóknina með fyrirvara um skriflegt samþykki lóðarhafa að Smiðjustíg 4.

**Mál nr. 16: Unnarholtskot 1. Breyting á afmörkun og stærð lóðar.**

Lögð fram umsókn eiganda Unnarholtskots 1, lnr. 166837 um breytingu á afmörkun landsins skv. lóðablaði.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir afmörkun landsins með fyrirvara um samþykki eigandi aðliggjandi lands og hnitsetningu landamarka.

**Mál nr. 17: Unnarholtskot 1. Stækkun lóðar.**

Lögð fram umsókn eiganda Unnarholtskots 1, lnr. 206015 um stækkun á landinu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stækkun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki eigandi lands þar sem hnit breytast og hnitsetningu landamarka. Þá eru ekki gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

**Mál nr. 18: Hrunamannavegur 1, 3 og 5. Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð var fram að lokinni kynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðsvæðis Flúða vegna Hrunamannavegar 1, 3 og 5. Í breytingunni felst m.a. að gert er ráð fyrir heimild til að vera með íbúðir að hluta í húsunum, byggingarreitur stækkar og nýtingarhlutfall eykst úr 0,7 í 1,5 á lóðum 3 og 5 og úr 0,7 upp í 0,9 á lóð nr. 1. Tillagan var grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum Hrunamannavegar 1. Er tillagan nú lögð fram með þeirri breytingu að gert er ráð fyrir sameiningu lóða nr. 3 og 5 auk minniháttar breytinga á byggingareit. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa Hrunamannavegar 1 fyrir þessari breytingu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytinguna skv. 2. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 19: Jaðar 1. Deiliskipulag frístundalóðar.**

Lögð fram að lokinni kynningu lýsing deiliskipulags vegna frístundalóðar úr landi Jaðars ásamt umsögnum sem hafa borist m.a. frá Minjastofnun, HES og Skipulagsstofnun.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að kynna tillögu að deiliskipulagi svæðisins í samræmi við 4. mgr. 41. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 20: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. maí.

**19. UTU bs.: Fundargerð 44. fundar stjórnar.**

Oddviti kynnti fundargerð 44. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um nýtt merki (logo) fyrir byggðasamlagið. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**20. NOS: Fundargerð frá 15. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð fundar NOS þann 15. maí s.l. Þar var farið yfir húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls og næsta fund NOS. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**21. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 21. fundar frá 17. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshvíls frá 17. maí s.l. Þar sem farið var yfir styrk sem fékkst frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla, kynning á úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar, kvöld og helgarþjónustu í félagslegri heimaþjónustu, endurskoðun á reglugerð um sérstakan húsnæðisstuðning vegna hækkunar á frítekjumörkum og trúnaðarmál.

Sveitarstjórn samþykkir hækkun á frítekjumarki vegna greiðslu á sérstökum húsnæðisstuðningi og fundargerðina að öðru leyti.

**Önnur mál:**

**22. Fundargerð 135. fundar skipulagsnefndar frá 8. júní. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 134. fundar skipulagsnefndar frá 23. maí og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. maí. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 13: Silfurtún. Lóð undir spennistöð. Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð var fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi miðsvæðis Flúða um afmörkun lóðar undir spennistöð innan Silfurtúns.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að um sé að ræða óverulega breytingu og samþykkir breytinguna skv. 2. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um samþykki eigenda Silfurtúns.

**Mál nr. 14: Hrepphólar 2. Byggingarleyfi.**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að gefið sé út byggingarleyfi í samræmi við umsókn þegar ferli lóðastofnunar hefur verið klárað.

**Mál nr. 15: Árbær. Fyrirspurn vegna skemmu.**

Lögð fram fyrirspurn eiganda lóðarinnar Árbæjar um breytingu á staðsetningu skemmu á lóðinni en skemman fer lítillaga út fyrir byggingarreit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að um sé að ræða óverulegt frávík og að hagsmunir nágretta skerðist ekki hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn og samþykkir staðsetninguna í samræmi við 3. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 20: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. maí.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. SASS: Fundargerð 519. fundar stjórnar frá 5. maí s.l**

Lagt fram til kynningar.

**b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 157. fundar stjórnar frá 10. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. Héraðsnefnd Árneshvíls bs: Fundargerð vofundar frá 4. maí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

**d. Samgönguáætlun Suðurlands 2017.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 850. fundar stjórnar frá 19. maí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**f. Orlof Húsmæðra: Skýrsla nefndarinnar.**

Lagt fram til kynningar.

**g. Forsætisráðuneytið: Endurskoðun reikninga um þjólendur og ákvörðun marka eignarlanda.**

Lagt fram til kynningar.

**h. Hitaveita Grafarhverfis: Aðalfundargerð frá 22. maí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**i. Landskerfi bókasafna: Fundargerð aðalfundar frá 24. maí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**j. HES: Árskýrsla 2016.**

Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu:**

**k. Límtré Vírnet ehf: Ársreikningur 2016.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:45.